

10. október 2023

## **Viðurkenningarhátíð Jafnvægisvogarinnar 2024 – Látum eitthvað gerast, jafnrétti er ákvörðun, haldin við hátíðlega athöfn**

**93 fyrirtæki, 15 sveitarfélög og 22 opinberir aðilar hljóta viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, hreyfiaflsverkefni FKA.**

### **Frábær árangur á meðal þátttakenda í Jafnvægisvog FKA**

Jafnvægisvogin, hreyfiaflsverkefni Félags kvenna í atvinnulífnum (FKA), hélt í dag sína árlegu viðurkenningarathöfn. Í ár er mefjöldi viðurkenningarhafa, alls 130 aðilar en það eru þeir þátttakendur sem hafa náð að jafna kynjahlutfall í framkvæmdastjórnnum.

Dr. Ásta Dís Óladóttir, prófessor við Háskóla Íslands og formaður Jafnvægisvogarinnar opnaði hátíðina og hrósaði stjórnendum fyrir eftirtektarverðan árangur í jafnréttismálum. Þá flutti Katrín Jakobsdóttir einkar skemmtilegt og hvetjandi ávarp og fór yfir stöðuna í jafnréttismálum í samfélaginu almennt og uppskar mikið lófaklapp.

Að hreyfiaflsverkefninu standa auk FKA, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Creditinfo, Deloitte, Pipar\TBWA, Ríkisútvarpið, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Sjóvá

### **Níutíu og þrjú fyrirtæki, fimmtán sveitarfélög og tuttugu og tveir opinberir aðilar hljóta viðurkenningu**

Jafnvægisvogin veitti viðurkenningar til níutíu og þriggja fyrirtækja, fimmtán sveitarfélaga og tuttugu og tveggja opinberra aðila úr hópi þeirra 247 þátttakenda sem hafa undirritað viljayfirlýsingu. Markmið Jafnvægisvogar um 40/60 kynjahlutfall í efsta stjórnendalagi var haft til hliðsjónar við matið. Stór hluti þeirra þátttakenda sem hafa skrifað undir viljayfirlýsingu Jafnvægisvogarinnar hafa náð góðum árangri á þessu sviði.

*Það er frábært að sjá fjölgun í hópi viðurkenningarhafa Jafnvægisvogarinnar árið 2024, sem endurspeglar metnað fyrirtækja til að ná fram jafnrétti. Jafnrétti er mál sem snertir okkur öll, og það hefur sýnt sig í viðbrögðum við markaðsherferðinni „Ilmur af konu“, sem var haldin í tengslum við árlegu viðurkenningarhátíðina”. Þrátt fyrir þennan góða árangur viljum við hvetja fleiri til þátttöku. Það er mikilvægt að hvert og eitt fyrirtæki, stofnun eða sveitarfélag skoði stöðu sína og krefjist þess að kynjahlutfall í ædstu stjórnunarstöðum sé sem jafnast. Látum eitthvað gerast, jafnrétti er ákvörðun“ að sögn Bryndísar Reynisdóttur verkefnastjóra Jafnvægisvogarinnar.*

### **Jafnrétti hefur bein áhrif á umhverfið**

Á ráðstefnu Jafnvægisvogarinnar 2020 var kynntur nýr Jafnréttislundur FKA, sem Skógræktarfélag Reykjavíkur útvegaði Jafnvægisvoginni. Árlega frá árinu 2020 hafa forsvarskonur verkefnisins gróðursett tré í Jafnréttislundinum að ráðstefnu lokinni, eitt fyrir hvern viðurkenningarhafa.

Í ár verða gróðursett alls 130 tré eitt fyrir hvern viðurkenningarhafa árið 2024 og verður þá búið að setja niður samtals 392 tré í Jafnréttislundinum á síðustu 5 árum. Við valið er horft til þess að velja margar ólíkar tegundir af trjám, sem tákn um þann fjölbreytileika sem Jafnvægisvogin stuðlar að.

Það er markmið Jafnvægisvogarinnar að endurtaka þetta árlega og væri ánægjulegt að sjá hlíðina fyllast á næstu árum, með auknu jafnrétti.

### Mælaborð Jafnvægisvogarinnar

Jafnvægisvugin heldur úti mælaborði sem er ætlað að halda utan um tölfraðilegar upplýsingar um jafnrétti. Þannig er hægt að tryggja aðhald og sýna stöðuna eins og hún er hverju sinni. Í mælaborði Jafnvægisvogarinnar koma fram allar helstu upplýsingar um stöðu kynjanna í íslensku atvinnulífi, svo sem kynjahlutföll stofnenda fyrirtækja, framkvæmdastjóra og stjórna. Þar má einnig finna upplýsingar um kynjahlutföll við brautskráningar úr háskólum, stöðu kynjanna innan atvinnugreina og GemmuQ kynjakvarðann fyrir skráð félög á markaði. Í mælaborðinu sem að Creditinfo, Deloitte og Jafnvægisvogarráðið hafa þróað eru upplýsingarnar gerðar aðgengilegar á einfaldan og skýran hátt.

### Eftirfarandi fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir hlutu viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar í ár:

1912	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Rekstrarvörur ehf
A4	Heimstaden	Reykjafell ehf
Advania	Hirzlan ehf	Reykjanesbær
AGR Dynamics	HS Orka	Reykjavíkurborg
Akraneskaupstaður	Húnabyggð	RÚV ohf
Akureyrarbær	Icelandair	Sahara ehf
Alþjóðasetur	IKEA	Samkaup hf.
APRÓ	indó sparisjóður hf.	Seðlabanki Íslands
Atmonia	Inkasso ehf.	Seltjarnarnesbær
AwareGO ehf	Isavia ohf.	Sjóvá
Bakkinn	Íslandsbanki	Skatturinn
BL	Íslandshótel	Skógræktarfélag Reykjavíkur
Bláa Lónið	Íslandspóstur ohf.	Skrifstofa Alþingis
Borgarbyggð	ÍSOR	Sólar ehf
Brandenburg	Keilir miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs	Strætó bs
Bústólpi ehf.	Kolibri	Sveitarfélagið Árborg
Carbfix	KPMG	Sveitarfélagið Ölfus
Center Hotels	Krónan	Sýn hf.
Ceo Huxun	Land og skógur	Taktikal ehf
Coca-Cola Europacific Partners Ísland	Landhelgisgæsla Íslands	Tandur Hf
Cowi Ísland ehf.	Landsvirkjun	Tixly
Crayon Iceland ehf	Lota	Travel Connect
Creditinfo	LSR	Tryggingastofnun
Dagar	Lyf og heilsa hf	Tryggja
Deloitte	Lyfja	Umhverfisstofnun
Destination Complete ehf.	Lyfjaval	Vegagerðin
dk hugbúnaður	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	Veitur
EFLA hf	Matís	Veritas
Elkem Ísland	Maven ehf.	Verkís
ELKO	Mosfellsbær	Verzlunarskóli Íslands
Fastus	Motus	Vesturbyggð

Festi hf	Múlaping	Vinnueftirlitið
Félagsbústaðir	N1	VÍS
Fiskistofa	Norðurál	Þjóðskrá
Five Degrees Ehf	Norðurorka hf.	
Fjallabyggð	Norvik hf.	
Fjársýsla ríkissins	Nova	
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Olís ehf	
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Orkan IS ehf	
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Orkusalan	
Framhaldsskóli Austur - Skaftafellssýslu	Orkuveitan	
Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir	Ósar - lífæð heilbrigðis	
Guðmundur Arason ehf	Pípar\TBWA	
Hafnarfjarðarbær	PLAY	
Hagstofa Íslands	Rangárþing eystra	
Harpa	Rangárþing ytra	
Háskóli Íslands	RARIK	
Háskólinn í Reykjavík	Reir Verk ehf.	

Allar helstu upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðu verkefnisins:

<https://www.fka.is/verkefni/jafnvaegisvogin>

Frekari upplýsingar veitir: Bryndís Reynisdóttir verkefnastjóri Jafnvaegisvogar FKA í síma 868-4682 eða í gegnum netfangið [jafnvaegisvogin@fka.is](mailto:jafnvaegisvogin@fka.is)